

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 26/95
frá 19. maí 1995**

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/94 frá 2. desember 1994 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn⁽¹⁾.

Ályktun ráðsins 94/C 379/03 frá 22. desember 1994 um meginreglur og tímaáætlun varðandi afnám hafta á fjarskiptagrunnvirkjum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Ályktun ráðsins 94/C 379/04 frá 22. desember 1994 um frekari mótun á gervihnattafjarskiptastefnu bandalagsins, einkum með hliðsjón af framboði á og aðgangi að geimskorarrými⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir komi aftan við 26. lið (ályktun ráðsins 94/C 48/01) í XI. viðauka við samninginn:

„26a. 394 Y 1222(03): Ályktun ráðsins 94/C 379/03 frá 22. desember 1994 um meginreglur og tímaáætlun varðandi afnám hafta á fjarskiptagrunnvirkjum (Stjtið. EB nr. C 379, 31. 12. 1994, bls. 4).

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 339, 29. 12. 1994, bls. 87 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 53, 29. 12. 1994, bls. 18.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 379, 31. 12. 1994, bls. 4.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 379, 31. 12. 1994, bls. 5.

„26b. 394 Y 0122(04): Ályktun ráðsins 94/C 379/04 frá 22. desember 1994 um frekari mótun á gervihnattafjarskiptastefnu bandalagsins, einkum með hliðsjón af framboði á og aðgangi að geimskorarrými (Stjttíð. EB nr. C 379, 31. 12. 1994, bls. 5).“.

2. gr.

Fullgiltur texti ályktunar ráðsins 94/C 379/03 og ályktunar ráðsins 94/C 379/04 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 19. maí 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Benavides

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Sucker